

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2278  
komudagur 18.4.2008

HVALFJARÐAR  
SVEIT



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrímel 3  
301 Akranes  
Sími : 433 8500  
Fax : 433 8501  
Kt. 630606-1950

16.04.2008

s. 1/1

50.11/IBE

### Frumvörp til laga frá Umverfisnefnd Alþingis.

Á 45. fundir sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 15. apríl voru eftirtalin frumvörp lögð fram til umsagnar.

Skipulagslög, 374.mál, Mannvirki 375 mál. og Brunavarnir 376 mál.

Eftirfarandir bókun var gerð.

- 7. liður, frumvarp til laga um mannvirki. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 8. liður, frumvarp til laga um skipulagslög. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 9. liður, frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við 9. og 12. gr. Frumvarpsins, Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.

Umsagnir eru hjálagðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju  
  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir  
ritari/ afgreiðslufulltrúi

ingabirna@hvalfjardarsveit.is



## **Umsögn skipulags og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar um frumvarp til skipulagslaga.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskaði eftir því að skipulags og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar gæfi umsögn um framangreint lagafrumvarp. Nefndin fól formanni og skipulags og byggingarfulltrúa að gera viðkomandi umsögn til sveitarstjórnar.

Almennt ber að fagna þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvarpinu að gera skipulagsvinnuna skilvirkari og stytta þann tíma sem ferli skipulagsvinnu hefur verið miðað við núgildandi lagaumhverfi.

### **III. Kafli. Landsskipulag.**

#### **10. grein. Landsskipulagsáætlun.**

Landsskipulags hugmyndin er jákvæð til samræmingar á ýmsum þáttum skipulags sem varða almannahagsmuni, s.s. samgöngur, náttúruvernd, byggðastefnu o.fl. Skilgreina þarf betur í frumvarpinu til hvaða þátta landsskipulagsáætlunin nær. Aðkoma sveitarfélags að landsskipulagsáætlun fyrir viðkomandi svæði er nokkuð óljós en nauðsynlegt er áætlunin sé unnin í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag en ekki að eingöngu sé leitað umsagnar eftir að skipulag hefur verið unnið.

#### **11. grein Málsmæðferð.**

Í þessari grein er ekki gert ráð fyrir beinu samráði við einstök sveitarfélög heldur munu þau eingöngu hafa umsögn um áætlunina ef skipulagið varðar þau sérstaklega. Grein þessi færir skipulagsmál í átt að ákveðinni miðstýringu sem getur valdið átökum um landnýtingu í framtíðinni milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga.

#### **21. grein Svæðisskipulag.**

Það er jákvætt að svæðisskipulagið sé skilgreint á þann hátt að það nái aðeins til þeirra þátta sem varða sameiginlegra hagsmuna viðkomandi sveitarfélaga. Nánar þyrfti að skilgreina til hverra þátta skiplagið hugsanlega nær til.

## Skipulags og byggingarnefnd

### 36. grein Breytingar á aðalskipulagi.

Í þessari grein þyrfti að koma fram skýrari skilgreining á muninum á verulegri og óverulegri breytingu á aðalskipulagi.

### 43. grein.

Í þessari grein er einnig þörf á nánari skilgreiningu á muninum á verulegri og óverulegri breytingu deiliskipulags.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir.

Hvalfjarðarsveit 11. apríl 2008  
fh. skipulags- og byggingarnefndar.  
Skúli Lýðsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hvalfjarðarsveitar.